

Ed.

340. Frumvarp til laga

[151. mál]

um breyting á lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Einar Ágústsson, Ólafur Jóhannesson,
Bjarni Guðbjörnsson, Ásgeir Bjarnason, Sigurgeir Kristjánsson.

1. gr.

82. gr. laganna orðist svo:

1. Rétt er ráðherra að koma upp klak- og eldisstöð, einni eða fleiri, þegar fé er veitt á fjárlögum. Rétt er, að slík stöð sé reist og rekin af félagi, er bæði ríkissjóður og aðrir aðilar standa að.
2. Klak- og fiskeldisstöðvar, sem einstaklingar reisa einir sér eða fleiri saman, skulu eiga rétt á fjárhagslegum stuðningi samkvæmt XV. kafla þessara laga.
3. Veiðimálastjóri hefur umsjón með stöðvum þeim, er um ræðir í 1. og 2. málsg.

2. gr.

83. gr. laganna orðist þannig:

1. Klak- og fiskeldisstöðvar ríkisins afla seiða til fiskræktar og gera tilraunir um klak og eldi fisks.
2. Með tilraunastarfseminni skal kostað kapps um að leiða í ljós, hvaða gerðir fiskeldisstöðva henta best við íslenska staðhætti og hvers hagnaðar megi vænta af fiskeldi. Tilraunastarfsemin skal og miða að því að leiða í ljós, hvort firðir við strendur Íslands eru hæfir til fiskræktar og uppeldis nytjafiska.
3. Veiðimálastjóri skal birta niðurstöður tilraunanna. Hann veitir og fræðslu um meðferð klaks og um fiskeldi, eftir því sem við verður komið.

3. gr.

1. málsg. 103. gr. laganna orðist svo:

1. Ráðherra skipar, að fengnum tillögum veiðimálastjóra og veiðimálanefndar, eftirlitsmenn með veiði og fiskeldi. Þeir skulu, eftir því sem við verður komið, hafa sérþekkingu á fiskrækt. Eftirlitsmenn skulu veita leiðbeiningar um klak og um fiskeldi í veiðivötnum og í fjörðum við strendur Íslands.

4. gr.

105. gr. laganna orðist þannig:

Framlag skal veita úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt á fjárlögum, til framkvæmda, er lúta að fiskrækt eða fiskeldi, enda samþykki veiðimálastjóri tilhögun framkvæmda og hafi eftirlit með þeim.

Þessar framkvæmdir njóta ríkisframlags, er nemi allt að $\frac{1}{3}$ stofnkostnaðar:

1. Fiskvegir og önnur meiri háttar mannvirki, er stefna að því að auka fiskfór um vatn.
2. Klakhús.
3. Fiskeldisstöðvar, sbr. 1. og 2. málsg. 82. gr.

5. gr.

Á eftir 105. gr. laganna komi 2 nýjar greinar (greinatalan breytist samkvæmt því):

- a. (106. gr.) Stofna skal sjóð, er nefnist Fiskræktarsjóður.

Fiskræktarsjóði skal aflað fjár þannig:

1. Með útgáfu og sölu skuldabréfa (bankavaxtabréfa). Skuldabréf þessi skal innleysa eftir hlutkesti á 25 árum. Vextir af skuldabréfum sjóðsins skulu

samsvara almennum sparisjóðsvöxtum. Ábyrgð ríkissjóðs er á skuldabréfum þeim, er Fiskræktarsjóður gefur út.

Seðlabanka Íslands skal skylt að kaupa á nafnverði skuldabréf Fiskræktarsjóðs fyrir eigi lægri fjárhæð en 30 millj. kr. árlega næstu 10 ár.

2. Með ríkisframlagi 3 millj. kr. árlega.

Fiskræktarsjóður er deild í Búnaðarbanka Íslands. Stjórn Búnaðarbankans hefur á hendi stjórn sjóðsins.

b. (107. gr.) Fiskræktarsjóður veitir lán sem hér segir:

1. Stofnlán til klak- og fiskeldisstöðva og annarra mannvirkja, sem gerð eru vegna fiskræktar. Lán og ríkisframlag samkvæmt 105. gr. má nema samtals 67% af kostnaðarverði þess mannvirkis, sem lán er veitt til. Lánstími skal vera allt að 25 ár. Vextir skulu vera hinir sömu og af sambærilegum lánnum úr Stofnlánadeild landbúnaðarins. Lánin skulu endurgreidd með jöfnum árgreiðslum.

2. Rekstrarlán til klak- og fiskeldisstöðva, eftir því sem fé er fyrir hendi.

6. gr.

106. gr. laganna skal orða svo:

Úr Stofnlánadeild landbúnaðarins samkvæmt lögum nr. 75/1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, skal veita lán til að reisa íbúðarhús við fiskeldisstöðvar, enda hafi fiskur verið alinn í hlutaðeigandi fiskeldisstöð þrjú ár og skilyrði til fiskeldis reynzt þar hagkvæm. Lán til íbúðarhúsa við fiskeldisstöðvar skulu hlíta sömu reglum sem lán til íbúðarhúsa á nýbýlum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sú hugmynd er ofarlega á baugi um þessar mundir, að fiskeldi geti orðið arðvænleg búgrein hér á landi.

Í þjóðfélagi, þar sem mannfjöldi er ört vaxandi, er það mikil nauðsyn, að komið sé á fót nýjum atvinnugreinum.

Þegar Ísland byggðist, voru hér vötn og firðir full af fiski. Frá fornu fari hefur lax- og silungsveiði verið mikilsverður þáttur í búskap landsmanna og víða fært mikla björg í bú. En margra alda ofveiði í ám og vötnum gekk of nærri fiskstofnunum.

Með aukinni þekkingu opnast augu manna fyrir því, að ræktun þarf að koma í stað rányrkju. Samkvæmt lögunum um lax- og silungsveiði hefur að undanförunu verið keppt að því marki á því sviði, er þau taka til. Í löggjöfinni eru settar reglur um lax- og silungsveiði. Samkvæmt ákvæðum laganna um klak og fiskeldi og með framkvæmdum Veiðimálaskrifstofunnar, svo og einstakra áhugamanna, hefur verið unnið markvisst að því að efla þá fiskstofna, sem hér um ræðir, og auka fiskgengd í ár og stöðuvötn.

Framkvæmdir á þessu sviði ná þó enn of skammt. Fullvíst má telja, að hér á landi séu góð skilyrði til ræktunar vatnafiska og fiskeldis. En til þess að góður árangur náist og að fiskrækt verði arðvænleg búgrein, þarf aukna þekkingu á þessu sviði og stóraukið fjármagn til stuðnings framkvæmdum. Auka þarf tilraunastarfsemi um klak og fiskeldi frá því, sem nú er. Ríkisvaldinu ber að stuðla að því, að íslenskir menn afli sér þekkingar í þessari grein og að þeir veiti síðan almenna fræðslu í þessum efnun. Stefna ber að því, að ráðunautar geti veitt bændum leiðbeiningar um fiskrækt hliðstætt því, sem gert er í öðrum búgreinum. Gera þarf skipulegar athuganir í byggðum landsins á skilyrðum til fiskræktar.

Flutningsmenn þessa frumvarps telja, að ákvæði gildandi laga um lax- og silungsveiði séu ekki nógu viðtæk, miðað við þau stóru verkefni, sem bíða óleyst á þessu sviði. Og fjárhagsgrundvöllurinn samkvæmt þeim lögum er svo veikur, að varla er að vænta mikilla framkvæmda á sviði fiskræktar, nema með lögum verði tryggt stóraukið fjármagn til stuðnings þeirri starfsemi.

Í frv. þessu eru ákvæði m. a. um þessi atriði:

Klak- og fiskeldisstöðvar, sem einstaklingar reisa einir sér eða fleiri saman, skulu eiga rétt á lánum úr Fiskræktarsjóði og ríkisframlagi.

Í klak- og fiskeldisstöðvum ríkisins séu gerðar tilraunir um klak og eldi fisks. Með tilraunastarfseminni skal kostað kapps um að leiða í ljós, hvaða gerðir fiskeldisstöðva henta best við íslenska staðhætti og hvers hagnaðar megi vænta af fiskeldi. Tilraunastarfsemin skal og miða að því að leiða í ljós, hvort firðir við strendur Íslands eru hæfir til fiskræktar og uppeldis nytjafiska. Niðurstöður tilraunanna verði birtar almenningi.

Stofnaður sé Fiskræktarsjóður, er verði deild í Búnaðarbanka Íslands.

Fiskræktarsjóður veiti stofnlán til mannvirkja, sem gerð eru vegna fiskræktar, enn fremur rekstrarlán til klak- og fiskeldisstöðva, eftir því sem fé er fyrir hendi.

Stofnlán vegna fiskræktar verði veitt með svipuðum kjörum og lán úr Stofnlánadeild landbúnaðarins til útihúsa á bújörðum.